

## **Reglur um framkvæmd rafrænna kosninga til stjórnar og varastjórnar Hundaræktarfélags Íslands 2023.**

### **1. gr. - Rafrænt stjórnakjör, kjörskrá og kosningakerfi**

Kosning tveggja stjórnarmanna og eins varastjórnarmanns í tengslum við aðalfund 2023 fara fram með rafrænum hætti, sbr. 10 gr. laga Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ). Kosning skal byggjast á kjörskrá þeirra félagsmanna sem kosningarétt hafa skv. 5. gr. laga HRFÍ, en kjörstjórn skal samþykkja kjörskrá og úrskurða um vafaatriði sem upp kunna að koma. Einungis þeir sem eru á kjörskrá geta kosið.

Rafræn kosning fer fram á kjörfundi skv. 3. gr. reglna þessara í gegnum kosningakerfið VALMUND hjá Advania.

Til að greiða atkvæði fara kjósendur inn á heimasíðu HRFÍ ([www.hrfi.is](http://www.hrfi.is)) og finna þar tengilinn Kosningar 2023.

### **2. gr. - Kjörseðill**

Kjörstjórn skal samþykkja rafrænan kjörseðil. Á honum skulu vera nöfn frambjóðenda og valmöguleikinn „tek ekki afstöðu“ og reitur þar sem kjósandi merkir val sitt.

### **3. gr. - Kjörfundur**

Áður en kjörfundur hefst skal kjörstjórn, eða fulltrúi hennar, ásamt forráðamanni kosningakerfinsins, gagna úr skugga um að engin atkvæði hafi verið greidd í kerfinu.

Kjörfundur skal því næst settur og skal hann standa frá kl. 18.00 miðvikudaginn 26. apríl 2023 til kl. 18.00 miðvikudaginn 3. maí 2023.

### **4. gr. - Búnaður til þátttöku í kosningu, auðkenning og atkvæðagreiðsla**

Til þess að geta kosið með rafrænum hætti þarf félagsmaður að hafa nettengdan snjallsíma eða tölvu og rafræn skilríki eða íslykil. Jafnframt þarf félagsmaður að vera á kjörskrá.

Til að kjósa fer félagsmaður inn á heimasíðu HRFÍ og tengil fyrir kosningar, sbr. 1. gr., þar sem hann auðkennir sig með rafrænum skilríkjum eða íslykli. Eftir að félagsmaður hefur auðkennt sig og svo framarlega sem hann er á kjörskrá, þá birtist kjörseðill.

Við atkvæðagreiðslu til stjórnar skal kjósa að hámarki tvo einstaklinga, en mögulegt er að kjósa einn einstakling eða taka ekki afstöðu.

Við atkvæðagreiðslu varamanns skal kjósa einn einstakling, en mögulegt er að taka ekki afstöðu.

Mögulegt er að endurtaka atkvæðagreiðslu en ný atkvæðagreiðsla ógildir þá fyrri þannig að einungis síðast framkvæmda atkvæðagreiðsla gildir.

#### **5. gr. - Talning og tilkynning úrslita stjórnarkjörs.**

Að kjörfundi loknum skulu atkvæði talin í kosningakerfinu og úrslit afhent formanni kjörstjórnar, sem tilkynnir úrslit stjórnarkjörs á ársfundi, sbr. 8. gr. laga HRFÍ.

#### **6. gr. - Varðveisla og eyðing gagna og upplýsingagjöf**

Öll kjörgögn eru geymd í a.m.k. 10 daga eftir að úrslit kosninga eru tilkynnt. Ef sérstök ástæða er til skulu þau geymd lengur. Að öðrum kosti skal kjörgöngum eytt að liðnum þeim tíma.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu HRFÍ. Jafnframt skulu helstu atriði þeirra varðandi framkvæmd kosninga birtar í fundarboði aðalfundar.